

ast þær þess eðlis, að þær standi og eða falli með aðalkröfu stefnanda, eftir því sem á hana yrði litið.

Þar sem þannig hvorki aðal- eða varakröfur stefnanda verða til greina teknar, virðist ekki hjá því komist, eftir málsfærslunni hjer fyrir rjettinum, að leggja gestarjettarsátt aðilja frá 3. júní s. l. til grundvallar fyrir úrslitum þessa máls, og ber því: 1. að skylda stefnanda, Jón L. Hansson, að fara skilyrðis- og útburðarlaust af jörðinni Hlíð í Þorskafirði, og þannig að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum. 2. að hann greiði stefndum mismun á eftirgjaldi eftir jörðina Hlíð, er svari til árlegs greidds eftirgjalds, og þess, er greiða bar eftir verðlagsskrá hvert ár, í smjöri og ám með lömbum, allan þann tíma, er hann fyrst fluttist á jörðina, til þess tíma hann frá heenni fer. 3. að hann svari til álags á jörðina eftir mati úttektarmanna, lögum samkvæmt. (Umboðsmaður stefnanda hjer fyrir rjettinum hefir ekki sjerstaklega mót-mælt því, að þessar kröfur fælust í sættinni). 4. og að hann greiði stefnda kostnað hans af máli þessu, er ákveðst 150 krónur.

Miðvikudaginn 18. okt. 1922.

Nr. 19/1922.

Árni J. Hafstað,
Þórarinn Sigurjónsson
og Jón Jónsson
 (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kr. P. Briem
 (Enginn).

Landamerksamál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Skagafjarðarsýslu 31. maí 1921: Landamerki milli Grænhóls í Skarðshreppi annars-vegar og Víkur og Glæsibæjar í Staðarhreppi hinsvegar (Glæsibæjar að því leyti, sem sú jörð á óskift beitiland með Vík) skulu vera þessi:

Bein lína úr miðjum Ferjuhamarskletti, sem er austan Hjeradsvatna fast við Hjeradsvötn (skagar út í þau) niður frá bæjar-tóttunum á eyðibýlinu Ferjuhamri, og lítið eitt norðar en þær, vestur í Tröllhöfða, þar sem merkin milli Víkur og Hólkots eru á honum.

Merkjavörðu á miðjum Ferjuhamarskletti skulu aðilar hlaða, og fer um það eftir lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, 1. gr.

Dagkaup dómenda skal vera 15 kr. á dag og að auki 5 kr. á dag í ferðakostnað, þegar um það er að ræða.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Dómur hæstarjettar.

Mál þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með áfrýjunarleyfi, dags. 12. apríl 1922.

Í hæstarjetti hefir aðeins verið mætt af hálfu áfrýjandans Jóns Jónssonar, og stefndi hefir eigi mætt þó að honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjамál og lauk því í hjerði með dómi kveðnum upp í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 31. maí 1921, af sýslumanni og tveimur meðdómsmönnum, en hjeradsdómsgjörðirnar bera það ekki með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu dómstarf þetta af hendi.

Að vísu eru engin bein fyrirmæli um það í landamerkjälögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og í hinum eldri landamerkjälögum 17. mars 1882, að meðdómsmenn í landamerkjамálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almennt regla í íslensku rjettarfari, enda sjest það af athugasemdum stjórnarinnar við 10. gr. frumvarps

til fyrnefndra laga nr. 41, 28. nóv. 1919, að eigi var ætlast til þess að gjöra neina breytingu á eldri lögum í þessu efni, að öðru en því, að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist að eiður er lögmæltur í líku tilfelli, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkmálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og með því að, eins og áður segir, eigi sjest af dómsgjörðunum að slík eiðfesting hafi farið fram í þessu máli, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda Jóni Jónssyni og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk, og vísað málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndi, Kristinn P. Briem, greiði áfrýjanda Jóni Jónssyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

